

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/2975****2025/EES/28/33****frá 25. september 2024****um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2021/1698 og (ESB) 2021/2306 að því er varðar
innflutning til Sambandsins á áhættusömum lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDBSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum ii. lið b-liðar 7. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 ⁽²⁾ er mælt fyrir um ákvæði sem varða eftirlit með rekstraraðilum og hópum rekstraraðila í þriðju löndum sem eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar, sem eru viðurkennd í samræmi við 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, inna af hendi og komið á reglum um sannprófun á sendingum af lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast.
- 2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 ⁽³⁾ er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum og stöðum þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði að því er varðar sendingar af lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins.
- 3) Í báðum framseldum reglugerðum (ESB) 2021/1698 og 2021/2306 eru settar fram sértækar reglur um eftirlit að því er varðar sendingar af áhættusömum vörum sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins sem lífrænt ræktaðar vörur eða vörur í aðlögun.
- 4) Samkvæmt 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698 skulu áhættusamar vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum skráðar í framkvæmdargerð, sem er samþykkt skv. 8. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, á grundvelli vals sem fer fram eftir meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilviki þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun eða framleiðslu þeirra.
- 5) Samkvæmt 6. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698 skal inna af hendi kerfisbundið eftirlit með ástandi og taka a.m.k. eitt dæmigert sýnishorn úr hverri sendingu af áhættusömum lífrænt ræktuðum vörum, sem ætlunin er að flytja til Sambandsins, sem hluta af öðrum eftirlitskröfum.
- 6) Reynslan af eftirliti með innflutningi til Sambandsins á vörum frá þriðju löndum, sem aðildarríki hafa opnað umtalsverðan fjölda tilkynninga um í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap vegna gruns um að ekki sé farið að löggjöf Sambandsins um lífræna ræktun/eldi, þ.m.t. tilkynningar um mengun af völdum vara og efna sem ekki eru leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu, sýnir að unnt er að tryggja fylgni við skilyrðin og ráðstafanirnar vegna innflutnings á lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun til Sambandsins með því að setja lægra hlutfall sendinga en 100% í sannprófun auðkenna, eftirlit með ástandi og sýnatöku. Sannprófun auðkenna, eftirlit með ástandi og sýnatöku af hálfu eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila í þriðju löndum og lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum á mismunandi hlutfalli sendinga hefur ekki áhrif á skilvirkni eftirlits.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/2975, 29.11.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2025 frá 14. mars 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj>.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 frá 13. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um málsmeðferð er varða viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru til þess bær að annast eftirlit með lífrænt vottuðum rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og með lífrænt ræktuðum vörum í þriðju löndum og að því er varðar reglur um eftirlit með þeim og eftirlit og aðrar aðgerðir sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast (Stjtið. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/1698/oj).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 reglum um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 13, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/2306/oj).

- 7) Færri sannprófanir auðkenna, minna eftirlit með ástandi og færri sýnatökur úr sendingum af áhættusömum vörum hefðu í för með sér lægri eftirlitskostnað fyrir rekstraraðila, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem starfa í þriðju löndum og fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkjanna sem gæti haft þau áhrif að verð á lífrænt rækтуðum vörum til lokaneytenda í Sambandinu lækki þar eð talið er að hátt verð á lífrænt rækтуðum vörum til lokaneytenda sé ein af helstu hindrununum fyrir því að auka eftirspurnina eftir lífrænt rækтуðum vörum í Sambandinu.
- 8) Færri sannprófanir auðkenna, minna eftirlit með ástandi og færri sýnatökur úr sendingum af áhættusömum vörum kæmu enn fremur í veg fyrir óþarfa minnkun á magni og verðmæti viðskipta milli þriðja landsins þar sem áhættusama varan er upprunnin og Sambandsins.
- 9) Því er nauðsynlegt að leggja áherslu á eftirlit með áhættusömum vörum sem eru upprunnar í tilteknum þriðju löndum og kveða á um að skráin yfir áhættusamar vörur innihaldi upprunaland þessara vara sem og nauðsynlegan hundradshluta fyrir sannprófun auðkenna, eftirlit með ástandi og sýnatöku fyrir sendingar af þessum vörum.
- 10) Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 fellur sérhver sending af áhættusömum vörum sem ætlunin er að flytja inn í Sambandið undir kerfisbundna sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi og dæmigerða sýnatöku á landamæraeftirlitsstöðvum og á stöðum þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði. Til að tryggja samræmda nálgun varðandi tíðni eftirlits með sendingum af áhættusömum lífrænt rækтуðum vörum og vörum í aðlögun ætti að laga þessa kröfu að nálguninni sem á að beita samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698.
- 11) Því ætti að breyta framseldum reglugerðum (ESB) 2021/1698 og (ESB) 2021/2306 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698

Framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 8. gr. kemur eftirfarandi:

„8. gr.

Skrá yfir áhættusöm þriðju lönd og áhættusamar vörur

Áhættusamar vörur og þriðju löndin þar sem þær eru upprunnar skulu skráð ásamt því hlutfalli sendinga af þessum vörum sem skal falla undir sannprófun auðkenna, eftirlit með ástandi og sýnatöku af hálfu eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila í þriðju löndum og lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, eins og við á, í framkvæmdargerð sem er samþykkt í samræmi við 8. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 á grundvelli vals sem fer fram eftir meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun eða framleiðsluna.

Hlutföllin sem um getur í fyrstu undirgrein geta verið lægri en 100% og mega, fyrir sömu vöruna, vera mismunandi fyrir eftirlit af hálfu eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila í þriðju löndum annars vegar og lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum hins vegar.“

- 2) Í stað fyrsta málslíðar 6. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar sendingar af áhættusömum vörum, sem um getur í 8. gr., skal viðkomandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili inna af hendi eftirlit með ástandi og taka a.m.k. eitt dæmigert sýnishorn í samræmi við viðeigandi hundradshluta sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerðinni sem um getur í 8. gr.“

2. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2306

Í stað fyrsta málslíðar 2. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar sendingar af áhættusömum vörum, sem um getur í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698, skal lögbært yfirvald, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, athuga gögnin sem um getur í 16. gr. (6. mgr.) þeirrar reglugerðar og inna af hendi sannpröfun auðkenna og eftirlit með ástandi og taka a.m.k. eitt dæmigert sýnishorn úr sendingum í samræmi við viðeigandi hundraðshluta sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerðinni sem um getur í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698.“

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með gildistökudegi framkvæmdargerðarinnar sem er samþykkt í samræmi við 8. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. september 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
